

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS

g

GÚTTÓ ehf
Silfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

OG

JARÐAR

Nýársfagnaður
eldri borgara á Hlíf

— sjá bls. 10-11.

BÆ

Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 8. janúar 2015 · 1. tbl. · 32. árg. · Ókeypis eintak

Magna Björk er
Vestfirðingur
ársins 2014

— sjá nánar bls. 6 og viðtal í miðopnu

HÁGÆÐA
VERKFÆRI FRÁ

KRAFTWERK

SMÍÐJAN

VERSLUN SINDRAGÖTU 12
Opð mánudaga til föstudaga 8-18
Opð laugardaga 10-14
Sími: 456-1300

— NÝTT Á SUBWAY —

**Elskaðu
spínat**

— GRÆNA BYLTINGIN —

Nú getur þú sett spínat
á bátinn þinn - frítt

Spínat er
á boðstólum
í takmarkaðum
tíma

SUBWAY
Ferskleiki er okkar bragð.

EINFÖLD REIKNIVÉL
Á **eBOX.IS**

eBOX
auðveldar smásendingar

Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA
SMÆRRI SENDINGAR

Elmskip | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Elmskipa á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.

EIMSKIP
eBOX

Skiptum lokið í þrotabúi Jakobs Valgeirs og Flosa Jakobssonar

Skiptum er lokið í þrotabú útgerðarfélagins JV ehf sem áður hét S44 ehf og hélt utan um útgerð feðganna Jakobs Valgeirs Flosasonar og Flosa Valgeirs Jakobssonar. Lýstar kröfur í búið voru tæpir 21,5 milljarðar króna. 12,5 milljónir greiddust upp í veðkröfur og 84 milljónir upp í almennar kröfur. Frá þessu er greint á ruv.is. Fyrirtækið var tekið til gjaldþrotaskipta í september 2012 og lauk skiptum á búiinu í nóvember á þessu ári. Frá þessu er greint í Lögbirtingablaðinu en

þar kemur einnig fram skiptakostnaður hafi verið greiddur að fullu.

Í umfjöllun Viðskiptablaðsins um málefni félagsins fyrir ári síðan kom fram að bæði slita-stjórnir Glitnis og Landsbankans vildu fá greitt úr þrotabúiinu. Þar segir enn fremur að félagið hefði selt bæði skip og aflaheimildir og síðan hætt rekstri í janúar fyrir tæpum sex árum eða 2009. Jakob Valgeir Flosason er sem fyrr einn af eigendum útgerðarfyrirtækisins Jakobs Valgeirs í Bolungar-



Jakob Valgeir Flosason.

vík.

Nafn Jakobs tengist jafnframt einu stærsta málinu hjá embætti sérstaks saksóknara - svokölluðu Stím - máli. Jakob var stjórnarformaður þess félags en í því máli eru þeir Lárus Welding, fyrrverandi bankastjóri Glitnis, Jóhannes Baldursson, einn af stjórnendum Glitnis og Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, fyrrverandi bankastjóri Saga Capital, ákærðir. Stím - málið snýst um milljarða króna lánveitingar Glitnis skömmu fyrir hrún. – sfg@bb.is

Taka 650 milljóna króna lán

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti á aukafundi fyrir áramót að taka 650 milljóna króna lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Lánið er tekið til að fjármagna byggingu hjúkrunarheimilis og aðrar framkvæmdir í fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar. Til tryggingar láninu eru tekjur sveitarfélagsins. Með láninu eru greiddar upp skammtímaskuldir sem hafa safnast upp, fyrst og fremst vegna

hjúkrunarheimilisins.

Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, sagði þegar hann mælti fyrir lántökuinni, að ef hún hefði dregist fram yfir áramót, hefði það haft vond áhrif á hlutfall skammtímaskulda í ársreikningi 2015 auk þess að vaxtakostnaður upp á 750 þúsund krónur sparaðist við taka lánið fyrir áramót, en ekki um miðjan janúar þegar bæjarstjórn kemur næst saman skv. dagskrá.

Lántakan var samþykkt samhljóða en Jónas Þ. Birgisson lagði fram eftirfarandi bókun frá bæjarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins:

„Á síðasta kjörtímabili var markvisst unnið að því að lækka raunskuldir bæjarins og náðist í því verki gríðarlegur árangur. Strax á fyrsta ári nýs meirihluta er snúið af þeirri braut og gert ráð fyrir mikilli skuldaaukningu bæjarsjóðs. Það er nokkuð sem glögglega má sjá við yfirferð á

fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2015 og þeir sem hana samþykktu bera ábyrgð á. Það sem hér um ræðir er hins vegar viðleitni fjármálastjóra bæjarins til að reyna að lágmarka kostnað bæjarins af þegar samþykktir skuldaaukningu árið 2015. Þá viðleitni fjármálastjóra styðjum við bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins heilshugar og samþykkjum því þessa tillögu.“

Nýtt lag frá Fjallabráðrum

Karlakórinn Fjallabráður sem hefur opinberað eitt laganna af nýrri plötu sem er væntanlega fljótlega. Lagið heitir Áramótaheit og með því vildi kórinn senda aðdáendum sínum jóla- og áramótakveðjur. Halldór Gunnar Pálsson kórstjóri samdi lagið eins og önnur á nýju plötunni og textinn er eftir Magnús Þór Sigmundsson.

Mikið er framundan hjá Fjallabráðrum á nýju ári. Þar má nefna nýja plötu, heimildarmynd um Þjóðlagið sem var frumsýnd 1. janúar, útgáfutónleikar og fleira.

„Lífið er bara núna“

Hjónin Jóhann Ævarsson, málrameistari og Guðrún Dagbjört Guðmundsdóttir í Bolungarvík, eru ævintýragjörn með meiru. Þau eru bæði komin yfir fimmtugt og stefna á ferðalag sem er algengara að fólk í kringum tvítugt hafi á ferilskránni. Hjónin eru að fara í heimsreisu og stefna á að hefja ferðina fimmtudaginn 8. janúar. „Strákarnir okkar hafa ferðast mikið og sérstaklega Ævar sem hefur ferðast af og til í tíu ár. Okkur fannst svo gaman að heyra þá segja frá ferðalögunum og heyra þá lýsa hvað er fróðlegt að upplifa aðra menningu svo við ákváðum bara að skella okkur í heimsreisu,“ segir Guðrún í samtali við BB.

„Strákarnir hjálpuðu okkur að skipuleggja hringferðina um heiminn sem mun taka sjö vikur. Þeir bentu okkur á staði sem við gætum haft gaman af að sjá og við skipuleggjum þetta alveg sjálf með þeirra hjálp en förum ekki í gegnum ferðaskrifstofu. Við byrj-

um ferðina í London, fljúgum þaðan til Dubaí, svo til Moldavíu, Kambódíu og þaðan til Bangkok í Tælandi. Da, vinkona mín, er ættuð þaðan en búsett í Bolungarvík og hún er búin að skipuleggja og finna mann sem tekur á móti okkur í Bangkok og sýnir okkur borgina. Þaðan förum við til Puket, en Da fann fyrir okkur gistingu þar á tælensku heimili svo við munum upplifa staðinn beint í gegnum heimafólk og öðruvísi heldur en venjulegt ferðafólk. Við ætlum svo að skoða eyjarnar en höfum ekki skipulagt það neitt frekar að svo stöddu.“

„Frá Tælandi liggur leiðin til Balí þar sem við ætlum njóta lífsins. Svo förum við til Nýja-Sjálands og þá erum við næstum komin heim því ferðin liggur þaðan til Hawai, Los Angeles, London og heim,“ segir Guðrún og hljómar mjög spennit. „Þetta er bakpokaferðalag þar sem gildir að hafa sem minnst með og þetta er engin verslunarferð. Við tök-



Hjónin Jóhann Ævarsson, málrameistari og Guðrún Dagbjört Guðmundsdóttir í Bolungarvík.

um þetta alveg alla leið nema leyfum okkur aðeins betri gistingu en strákarnir gerðu. Þeir voru bara í kójum á dormum með

hinum og þessum.“

Fyrirtæki þeirra hjóna „er sett á hold,“ á meðan á ferðalaginu stendur eins og Guðrún orðaði

það. „Þetta er hvort sem er dauður tími hjá málningarpjónustum núna, í það minnsta á Vestfjörðum, og þess vegna leggjum við í hann á þessum árstíma. Við ferðumst aldrei á sumrin en höfum alltaf ferðast mikið. Eins og þegar strákarnir voru litlir þá sönuðum við að okkur aur og förum svo af stað. Og við höfum farið í sólarlandaferðir og því um líkt en ætlum að breyta til núna.“

„Við ætlum að njóta lífsins á meðan við getum því lífið er svo fallegt. Við höfum misst mjög góða vini snögglega úr sjúkdómum og verið þannig minnt svo rækilega á það að lífið er bara núna. Við erum búin að gera allskonar eftir fimmtugt,“ segir Guðrún. „Til dæmis að keppa á íþróttamótum fyrir fólk yfir fimmtugt því maðurinn minn er mikill íþróttamaður. Og ég fór bara og lærði kúluvarp þegar ég varð fimmtugt,“ segir Guðrún og hlær enda spennan í hámarki fyrir heimsreisu þeirra hjóna.

HAPPDRÆTTI



... fyrir lífið sjálft

ÞÚ GETUR VALIÐ AÐ VERA VINUR

Við erum heppin að lifa í samfélagi sem byggir á samkennd og eiga vini sem styðja og styrkja. SÍBS vinir eru bakhjarlar lífsnauðsynlegrar endurhæfingar að Reykjalundi sem byggir upp fólk eftir áföll.

Tryggðu þér vinanúmer hjá umboðsmanni þínum á Vestfjörðum eða í síma **560 4800** eða á **www.sibs.is**

Íslandspóstur, Bjarkargötu 4, sími **456 1100**, 450 Patreksfjörður.

Ragna Magnúsdóttir, Hólastíg 1, sími **456 7510**, 415 Bolungarvík.

Íslandspóstur, Hafnarstræti 9-11, sími **456 5010**, 400 Ísafjörður.

Fyrsti útdráttur verður **15. janúar 2015**
Miðaverð aðeins **1.300 kr.**

HAPPDRÆTTI SÍBS ... fyrir lífið sjálft

600 yfir
milljónir
í verðlaunapottinum 2015



Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmaður: Sigurjón J. Sigurðsson.
Blaðamenn: Sæbjörg Freyja Gísladóttir, 843 0077, sfg@bb.is
Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandsþóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X
Tekið er á móti auglýsingum á pósthöndum bb@bb.is.
Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Vestfirðingur ársins 2014

Flestum er kunn frásögnin í hinni helgu bók um manninn sem lenti í höndum ræningja á leiðinni frá Jerúsalem ofan til Jeríkó; sagan um afskiptaleysi prests og levíta er þar áttu leið fram hjá og létu hinn dauðvona mann sig engu skipta og loks miskunsama Samverjanum, sem tók manninn upp á arma sína. „Hver þessara þriggja sýnist þér hafa reynst náungi þeim manni, sem féll í hendur ræningjum?“ spurði Meistarinn lögvitrir nokkur, sem spurt hafði hvað hann ætti að gjöra til að öðlast eilíft líf? Að loknu svari lögvitringsins sagði Meistarinn: „Far þú og gjör hið sama.“

Þessi saga um náungakærleika kom sjálfkrafa upp á yfirborðið er val lesenda fréttavefjarins bb.is á Vestfirðingi ársins 2014 lá fyrir og blöðum yfir lífshlaup viðkomandi verið flett.

Vestfirðingur ársins 2014 er Magna Björk Ólafsdóttir, hjúkrunarfræðingur frá Bolungarvík. Undanfarin ár hefur hún unnið sem sendifulltrúi á vegum Rauða krossins og þar af leiðandi verið einn af fulltrúum Íslendinga á hamfarasvæum víðs vegar um heiminn. Í fjölda ára hefur hún starfað með læknum án landamæra og þar fórnast sér fyrir göfugt málefni. Þá hefur hún innt af höndum fórnfúst starf gegn útbreiðslu á ebólu veirunni og er einn fimm Íslendinga á lista Time tímaritsins sem menn ársins vegna starfa sinna gegn þessum geigvænlega vágæsti. BB gerir ummæli eins lesenda bb.is að sínum: „Hún hefur unnið óeigingjarnt starf sem stofnar henni sjálfri í hættu.“ Meira verður vart krafist.

Mögnu Björk Ólafsdóttur eru færðar hamingjuóskir með samdarheitni Vestfirðingur ársins 2014 og henni óskað vel farnaðar í því göfuga hlutverki sem hún hefur kosið sér.

Liðlega sextíu einstaklingar fengu atkvæði í kjörinu. Aðstandendur valsins á Vestfirðingi ársins 2014, Gullauga ehf á Ísafirði og fréttavefurinn bb.is, óska þeim öllum til hamingju. Allt þetta fólk hefur með einum og öðrum hætti lagt sitt af mörkum til samfélagsins, sem okkur öllum er annt um. Því er óskað farsældar á nýju ári sem og lesendum sem þökkud er þátttökan.

s.h.

Spurning vikunnar

Strengdir þú áramótaheit?

Alls svöruðu 182.

Já sögðu 20 eða 11 %

Nei sögðu 162 eða 89 %

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Una Lára Waage á Hóli í Öndarfirði ásamt syni sínum. Ljós. Una Lára.

Póstnúmerið passar betur

Una Lára Waage býr ásamt manni sínum og börnum á Hóli í Öndarfirði. Hún er Vestfirðingur í húð og hár, en faðir hennar er frá Patreksfirði og móðir frá Bíldudal. Áður en Una flutti að Hóli hafði hún ekki mikla tengingu á norðurfirðina og ákvað því að kanna þá betur. Hjónin eru með eitt sterska kúabú Vestfjarða að Hóli, eða 103 kíló í tveimur fjósum. Jónatan maður Unu er fæddur og uppalinn að Hóli en Una flutti þangað árið 2008, „og er eiginlega búin að vera í barn-eignum og að skipta um bleyjur síðan,“ eins og hún orðar það. Það er margt spennandi að gerast hjá ungum bændum í landinu og það á einnig við um þau á Hóli.

„Það sem er eftirminnilegast frá árinu sem er að líða er að við stækkuðum við okkur og það var

margra mánaða prósess. Þetta var stór ákvörðun, enda erum við núna með 103 kíló í tveimur fjósum, en við ákváðum að gera frekar eitthvað heldur en ekki neitt. Svo það eru spennandi tímar framundan.

„Það sem stendur líka upp úr er að tengdaforeldrar mínir fluttu á Flateyri og við ákváðum að elta með börnin. Við settum sem sagt elstu dótturina í grunnskólann á Flateyri og yngri börnin í leikskólann. Og þetta er besta ákvörðun sem ég hef tekið. Við erum mjög ánægð með skólana og fólkið á Flateyri. Fyrir þetta þá var ég ekki beint með tengingu við Flateyri og fannst skrytið að sjá pósthúmerið 425 á póstinum okkar. Við sjáum inn að þörpinu en tengdumst því ekki. En núna eftir að börnin fóru þangað í skóla

þá passar pósthúmerið betur, svo þetta var mjög góð ákvörðun að elta ömmu og afa.“

En þau Una og Jónatan eru ekki eina fjölskyldan sem býr að Hóli því þangað eru einnig önnur ung hjón að flytja með börn sín. „Skólafélagi Jonna hefur verið með okkur í búskapnum og kona hans og börn eru að flytja hægt og rólega að Hóli. Góðir hlutir gerast hægt og ég er mjög spennt fyrir því sem koma skal. Þetta hafa verið miklar breytingar á skóllum tíma, það er allt búið að snúast við á nokkrum mánuðum. Við erum að sjá núna hvert við erum að stefna og lærum jafnframt af mistökunum og reynslunni sem er mjög mikilvægt,“ segir Una Lára Waage bóndi á Hóli í Öndarfirði.

– sfg@bb.is

Nítján fengu samfélagsstyrki

Nítján umsóknir af 58 fengu samfélagsstyrk frá Orkuþingi Vestfjarða fyrir árið 2014, alls 3,5 milljónir króna. Sunnukórinn á Ísafirði fékk 150 þúsund krónur vegna 80 ára afmælis félagsins, Íþróttaskóli HSV fékk 200 þúsund, Björgunarbátasjóður Vestfjarða fékk 275 þúsund til kaupa á búnaði, Slysavarnadeildin Hjálpar og Björgunarsveitin Ernir fengu 200 þúsund til kaupa á sjúkrabúnaði, Björgunarsveitin Björg á Suðureyri fékk 150 þúsund sem og Björgunarsveitin Tindar í Hnífsdal. Þá fékk slysavarnadeildin Iðunn á Ísafirði 120 þúsund og Act Alone 100 þúsund krónur.

Skíðafélag Ísfirðinga fékk 300.000 kr. fyrir búnaði til æfinga. Blakfélagið Skellur fékk 300.000 kr. fyrir strandblakvöll. Boltafélag Ísafjarðar fékk 200.000 kr. til að auka áhuga og þátttöku stúlkna í knattspyrnu. Korfuknattleiksfélag Ísafjarðar fékk 55.000 kr. vegna uppbyggingu í yngstu flokkum KFÍ. Handknattleiksdeild Harðar Ísafirði fékk 100.000 kr. fyrir handboltaæfingar fyrir stúlkur o.fl. Björgunarsveitirnar Blakkur, Tálkni, Kópur og Bræðrabandið, hjálparveitin Lómfell, Lögreglan á Patreksfirði, Rauða Krossdeild Vestur Barðastrandasýslu, Brunavarnir Vesturbyggðar,

Slökkvilið Tálknafjarðar og sjúkraflutningamenn fengu 500.000 kr. fyrir neyðarkerru til nota við stórslys og Sögufélag Barðastrandasýslu hlaut 100.000 kr. til að skrá sögu fyrrum hreppa Vesturbyggðar.

Björgunarsveitin Björg fékk 200.000 kr. til kaupa á Tetra stöðvum. Björgunarsveitin Dagrenning á Hólavík fékk 200.000 kr. til þess að kaupa fjórar Tetra stöðvar. Ungmennafélagið Afturelding á Reykhólum fékk 100.000 fyrir barna- og unglingastarf og þá fékk Félag um Snjáfjallasetur 100.000 kr. til að gefa út byggðasöguritið Undir Snjáfjöllum.

– sfg@bb.is

LAGER HREINSUN & SPRENGI UTSALA



OKKAR MESTA ÚRVAL FRÁ UPPHAFI!

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

HANDVERKFÆRI 20-40% • VERKFÆRATÖSKUR 20-40%

FLÍSAR 25% • VINNUFATNAÐUR MASCOT 25% • BÚSÁHÖLD 25%

RAFMAGNSVERKFÆRI BLACK & DECKER OG WORX 20-30%

ÚTIVISTARFATNAÐUR 30-70% • MASCOT VINNUFATNAÐUR 25%

BARNABÍLSTÓLAR OG -ÖRYGGISVÖRUR 25% • JÓLAVÖRUR 40-70%

POTTAPLÖNTUR 20-50% • VALDAR GJAFAVÖRUR 20-50%

HREINLÆTISTÆKI 20-30% • SMÁRAFTÆKI RUSSELL HOBBS 30%

SMÁRAFTÆKI BOMANN 25% • HEIMILISTÆKI 20%

PARKET 20-25% • MOTTUR OG DREGLAR 25-35%

MÁLNING 20-30% • INNIHURÐIR 20%

LOFTA- OG VEGGJAPILJUR 25% og margt fleira...

**VÖRUGJÖLD
AFNUMIN
RÝMUM FYRIR
NÝJUM VÖRUM!**



*Afsláttur gildir eingöngu af útsöluvörum.
Gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“.
Vöruúrval getur verið misjafnt milli verslana



ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956



Ólafur Þór Benediktsson, faðir Mögnu Bjarkar tók við viðurkenningunum á ritstjórnarskrifstofu BB á sunnudag.

Magna Björk Ólafsdóttir er Vestfirðingur ársins 2014

Vestfirðingur ársins 2014 samkvæmt vali lesenda fréttavefjarins bb.is er Magna Björk Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingur frá Bolungarvík. Magna Björk hefur undanfarin ár unnið sem sendifulltrúi á vegum Rauða krossins og hefur þar af leiðandi verið einn af fulltrúum Íslendinga á hamfarasvæðum víðs vegar um heiminn. Hún hefur í fjöldamörg ár verið starfandi í læknum án landamæra og hefur þar með fórnað sér fyrir göfugt málefni. Magna Björk hefur einnig lagt af höndum fórnfúst starf gegn útbreiðslu á ebólu veirunni og er einn fimm Íslendinga sem eru á lista Time tímaritsins sem menn ársins, vegna starfa sinna gegn þessum vágæsti. „Hún hefur unnið óeigingjarnt starf sem stofnar henni sjálfri í hættu,“ eins og inn lesandi bb.is orðaði það.

Magna Björk fékk 30% greiddra atkvæða í valinu á Vestfirðingi ársins en vel á þriðja hundrað manns

tóku þátt í kjörinu. Í öðru sæti urðu félagarnir Þorbjörn Guðmundsson og Björgvin H. Hallgrímsson á Patreksfirði með 17% greiddra atkvæða. Þeir fengu atkvæðin ýmist saman eða í sitt hvoru lagi. Þeir urðu þeirrar ánægju aðnjótandi að bjarga lífi starfsmanns Landsnets er hann fékk hjartastopp síðasta sumar. Þeir sýndu snör og fumlaus handtök á ögur-stundu. Í þriðja sæti með 8% greiddra atkvæða er Ísfirðingurinn Aron Guðmundsson. Aron sýndi framúrskarandi árangur í söfnun fyrir MND félagið í tengslum við Reykjavíkurmaraþonið og vakti athygli á erfiðum sjúkdóm sem móðir hans glímir við.

Í fjórða sæti með 4% greiddra atkvæða var Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri í Vesturbýggð. Í 5.-7. sæti með 3% greiddra atkvæða voru Matthías Garðarsson, fiskeldisfrömuður á Bíldudal, Hálfán Óskarsson mjólkur-

tæknifræðingur og einn stofnenda Örn ehf., í Bolungarvík og Sigurvin Guðbjartsson hagræðingur með meiru á Ísafirði. Í 8.-9. sæti með 2% greiddra atkvæða voru Jónas Þór Birgisson lyfsali á Ísafirði og Ingimar Oddsson, forstöðumaður Skrímslasetursins á Bíldudal og í 10. sæti var Hallgrímur Sveinsson bókaútgefandi á Þingeyri. Alls fékk 61 einstaklingur atkvæði í kjörinu. Þeir sem skipuðu tíu efstu sætin í kjörinu fengu 70% greiddra atkvæða og þau sem skipuðu þrjú efstu sætin voru með 54% greiddra atkvæða.

Áður hafa fengið nafnbótina Vestfirðingur ársins þau Guðni Páll Viktorsson (2013), Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands (2012), Örn Elías Guðmundsson, Mugison (2011), Benedikt Sigurðsson (2010), Halldór Gunnar Pálsson (2009), Egill Kristjánsson (2008), Arna Sigríður Albertsdóttir (2007), Sunneva Sigurðardóttir (2006), Sigríður

Guðjónsdóttir (2005), Örn Elías Guðmundsson, Mugison (2004), Magnús Guðmundsson (2003), Hlynur Snorrason (2002) og Guðmundur Halldórsson (2001).

Aðstandendur valsins á Vestfirðingi ársins 2014, Gullauga ehf., á Ísafirði og fréttavefurinn bb.is óska öllum þeim sem fengu tilnefningu til hamingju og þakka lesendum þátttökuna og óska þeim velfarnaðar á nýbyrjuðu ári. Í tilefni útnefningarinnar var foreldrum Mögnu Bjarkar, Ólafi Þór Benediktssyni og Guðjónu Jóhönnu Guðjónsdóttur, fært viðurkenningarskjal til staðfestingar á valinu, farandgrip og eignargrip sem smíðaður er af Dýrfinnu Torfadóttur gullsmíð. Magna Björk gat ekki tekið við viðurkenningunni þar sem hún fór erlendis á sunnudag til starfa í Genf. Afhendingin fór fram á sunnudag. Sjá viðtal við Mögnu Björk í miðopnu.

– bb@bb.is

Magna Björk Ólafsdóttir:

„Hjúkrunarfræðingur sem vinnur gegn útbreiðslu ebólu í heiminum – Hefur unnið óeigingjarnt sjálfboda-starf til fjölda ára á vegum RKÍ – Duglegur og drífandi hjúkrunarfræðingur – Hefur í nokkur ár verið ein af fulltrúum okkar Íslendinga á mörgum hamfarasvæðum í heiminum – Er ein af fimm Íslendingum sem eiga sæti á lista Time tímaritsins fyrir að hafa tekið þátt í baráttunni gegn ebólu-veirunni – Hefur verið starfandi í læknum á landamæra í fjöldamörg ár – Hefur lagt af höndum fórnfúst starf gegn ebólu – Fórnar sér fyrir göfugt málefni – Fór til Haiti, Írak og fleiri staði vegna hamfara og nú til Afríku til að leggja sitt af mörkum – Hefur unnið óeigingjarnt starf sem stofnar henni sjálfri í hættu.“



Þorbjörn Guðmundsson og Björgvin M. Hallgrímsson:

„Starfsmenn Orkubús Vestfjarða á Patreksfirði sem með miklu snaræði björguðu lífi manns sem fór í hjartastopp á vinnustað þeirra í sumar – Björguðu lífi starfsmanns Landsnets – Með miklu snaræði björguðu þeir lífi starfsmanns Landsnets – Hafa unnið vel fyrir Orkubú Vestfjarða – Snör og fumlaus handtök á ögur-stundu – Björgvin lagði einnig sitt af mörkum í rafmagnsleysinu í byrjun desember – Ótrúlegt að eiga hér mann sem getur stokkið upp í rafmagnsstaura þótt hann sé ekki starfsmaður Orkubúsins – Björgvin er hvers manns hugljúfi og duglegur drengur – Þorbjörn sýndi hárrétt viðbrögð þegar hann bjargaði lífi manns.“



Aron Guðmundsson:

„Opnaði augu fólks fyrir MND-sjúkdómnum – Sýndi framúrskarandi árangur í söfnun fyrir MND félagið – Vakti athygli á erfiðum sjúkdóm sem hrjáir móður hans – Flottur drengur – Göðhjartaður baráttumaður – Lagði hart á sig í Reykjavíkurmaraþoninu og safnaði miklu fé til styrktar MND félaginu en móðir hans glímir við þennan sjúkdóm – Fyrirmyndar ungur drengur sem á eftir að ná langt í því sem hann tekur sér fyrir hendur – Hefur staðið þétt við bakið á móður sinni og fjölskyldu í gegnum veikindi móður sinnar – Flottur strákur sem lætur gott af sér leiða – Gull af manni og góður vinur.“

Eftirtaldir einstaklingar / aðilar fengu atkvæði í valinu á Vestfirðingi ársins 2014: Ásgeir Överby, Guðmundur Fertram Sigurjónsson, Jón Guðbjartsson, Peter Weiss, Halldóra Sigrún Ásgeirsdóttir, Valgerður Guðrún Torfadóttir, Þórir Bjartmar Hardarson, Guðni Páll Viktorsson, Hlynur Snorrason, Guðmundur Helgason, Lára Thorarensen, Magna Björk Ólafsdóttir, Guðmundur Stefán Gíslason, Hafliði Halldórsson, Magnús Hauksson, Einar K. Guðfinnsson, Þorbjörn Guðmundsson, Björgvin M. Hallgrímsson, Guðný Gígja Skjaldardóttir, María Rut Kristinsdóttir, Þóra Baldursdóttir, Aron Guðmundsson, Hermann Níelsson, Sigmundur Þórðarson, Eva Dögg Þorsteinsdóttir, Helga Birna Berthelsen, Guðjón Þorsteinsson, Arna Sigríður Albertsdóttir, Ásthildur Sturludóttir, Matthías Garðarsson, Snorri Már Snorrason, Skúli Berg, Bragi Valdimar Skúlason, Kristbjörn Róbert Sigurjónsson, Marta Þorsteinsdóttir, Trausti Egilsson, Sigurvin Guðbjartsson, Jónas Þór Birgisson, Kristinn H. Gunnarsson, Örn Erlendur Ingason, Jón Guðni Pétursson, Gísli Halldór Halldórsson, Þorsteinn Jóhannesson, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Hrafnhildur Ýr Rafnsdóttir, Víkingur Gunnarsson, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Ingibjörg Sigríður Guðmundsdóttir, Anna Jakóbína Hinriksdóttir, Guðmundur Magnús Kristjánsson, Kristín Þorsteinsdóttir, Arnar Kristjánsson, Guðni Albert Einarsson, Halldór Gunnar Pálsson, Karen Lind R. Thompson, Karólína Guðrún Jónsdóttir, Stefán Dan Óskarsson, Jóhann Ólafson, Sjúkraflutningamenn á Ísafirði og Snjómokstursmenn í Ísafjarðarbæ.



Þökkum líðin ár

Lífeyrissjóður Vestfirðinga
óskar sjóðfélögum og landsmönnum
öllum gleðilegs nýs árs og
þakkar fyrir samstarfið
allt frá árinu 1970

Guðrún, Þóra, Bjarni,
Jóhanna og Elena



LÍFEYRISSJÓÐUR
VESTFIRÐINGA

Lífeyrissjóður Vestfirðinga
Hafnarstræti 9,
400 Ísafjörður

Sími: 456 4233 • Fax: 456 4710
Netfang: afgr@lvest.is
Heimasíða: www.lvest.is

Þarna var þörfin og

Magna Björk Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingur, sem fædd er og uppalin í Bolungarvík, er Vestfirðingur ársins 2014 samkvæmt vali lesenda bb.is. Hún er 35 ára að aldri og hefur verið meira og minna við störf erlendis í hálf tilmála árið og tekist á við margvísleg erfið verkefni í ýmsum mjög ólíkum löndum.

Núna yfir jólin dvaldist Magna Björk á æskulóðunum heima í Bolungarvík hjá foreldrum sínum. Þangað skrápp hún frá Genf í Sviss, þar sem hún hefur undanfarið haft yfirumsjón með þjálfun fyrir sendifulltrúa Rauða krossins sem eru á leið til Vestur-Afríku til að berjast við ebólufaraldurinn. „Það er mjög ljúft að vera í Genf,“ segir hún.

Í einu af hættulegustu löndum í heimi

Já, löndin eru orðin mörg og verkefni af ýmsu tagi. Þetta byrjaði sumarið 2010 þegar Magna Björk fór ásamt fleiri Íslendingum til Haití í Karíbahafi á vegum Rauða kross Íslands, en þá um vorið hafði hún tekið þátt í sendifulltrúanámskeiði Rauða krossins.

Á Haití varð í ársbyrjun 2010 gríðarmikill jarðskjálfti sem kostaði hundruð þúsunda mannlífa og olli í framhaldinu miklum hörmungum í þessu bláfátæka landi. Þarna starfaði Magna um sex vikna skeið á tjaldsjúkrahúsi þýska og finnska Rauða krossins í höfuðborginni Port-au-Prince.

„Árið eftir fór ég til Íraks og var í þrjá mánuði í Najaf í suðurhluta landsins að þjálfa lækna og hjúkrunarfræðinga og sjúkraflutningamenn í bráðaviðbrögðum,“ segir hún.

Fram kom í samtali við Sólveigu Ólafsdóttur hjá Rauða krossinum í Morgunblaðinu á þessum tíma, að mikil hætta fylgi starfinu og Írak sé eitt hættulegasta land í heimi, þó að Rauða krossinn standi vel að öryggismálum starfsmanna sinna.

Kólera í Sierra Leone, fellibylur á Filippseyjum

„Síðan fór ég til Sierra Leone í Vestur-Afríku árið 2012 þegar þar gekk kólerufaraldur og þá fyrir lækna án landamæra. Þar vann ég í fátækrahverfi að styra litlum kóleruspítala. Eftir það fór ég til Nairobi í Kenía og var eins konar samhæfingarstjóri fyrir

löndin í Afríku varðandi viðbrögð ef upp kæmi kólera eða aðrar farsóttir.“

Fyrir rúmu ári fór Magna Björk til Filippseyja eftir að fellibylurinn Haiyan eða Yolanda reið þar yfir í nóvember 2013. Þar var hún yfirhjúkrunarfræðingur á spítala fyrir hönd norska Rauða krossins. Og síðan tók ebólan í Sierra Leone við núna í sumar, en tveimur árum áður var það kóleran þar í landi.

Vanþekking og vantraust á heilbrigðisstarfsfólki

Ebólufaraldurinn sem geisar í nokkrum ríkjum Vestur-Afríku er sá langsamlega skæðasti síðan veiran fannst fyrst árið 1976. Hann byrjaði í Gíneu í desember fyrir rúmu ári og breiddist síðan til Líberíu, Sierra Leone og Nígeríu. Talið er að jafnvel tugþúsundir fólks hafi sýkst og um eða yfir helmingur þeirra sem sýkjast deyja úr veikinni. Eins og almenningi hérlandis er kunnugt úr fréttum er ebólan bráðsmitandi.

Magna Björk var við störf í Kailahun-héraði, þar sem um 400 þúsund manns búa. Hún segir að áhrif faraldursins séu mjög víðtæk. Búið hafi verið að loka skólum og hindra að fólk kæmi saman. Sums staðar hafi verið búið að loka mörkuðum og setja jafnvel heilu þorpin í einangrun.

Magna segir að fræðsla sé afar mikilvæg til að koma í veg fyrir ebólusmit. Starf hennar í Sierra Leone fólst að mestu í stuðningi við Rauða krossinn þar í landi og við að skipuleggja hvernig best væri að miðla fræðslu um veikina til íbúanna. Vanþekking og vantraust á heilbrigðisstarfsfólki eru stór ástæða þess að veiran hefur breiðst út eins og raun ber vitni.

Rauði krossinn á Íslandi hefur verið í nánnum tengslum við Rauða krossinn í Sierra Leone um árabil. Fjarskiptakerfi sem gerir kleift að senda SMS-skilaboð í fræðsluskyni til fólks á ebólusvæðinu var komið upp með stuðningi Rauða krossins á Íslandi, sem fékk til þess framlag frá utanríkisráðuneytinu. SMS-boð hafa verið mikið notuð til að fræða fólk um það hvernig það geti varist því að smitast.

Að skipuleggja greftranir

„Stærsta hlutverkið var samt að skipuleggja greftranir, því að

„Ég var frekar hrædd áður en ég fór heldur en þegar ég var komin á staðinn. En ég get ekki sagt að ég hafi verið logandi hrædd við að smitast. Ef svo væri, þá myndi maður ekki endast lengi í þessu starfi.“

þörfin var mikil,“ segir Magna Björk.

Hún segir ebólu smitandi fyrst eftir andlát og því sé mikilvægt að koma upp góðu kerfi og koma í veg fyrir að fólk snerti lík. Hún segir sérstakar reglur gilda um líkpoka og hversu djúpar grafir eigi að vera.

Þá myndi maður ekki endast lengi

– Ertu aldrei hrædd við smit þegar þú ert að liðsinna ebólusjúklingum?

„Ég var frekar hrædd áður en ég fór heldur en þegar ég var komin á staðinn. En ég get ekki sagt að ég hafi verið logandi hrædd við að smitast. Ef svo væri, þá myndi maður ekki endast lengi í þessu starfi.

Það er bara að fylgja öryggisferlum og þá á maður að vera nokkuð öruggur, þó að auðvitað geti orðið slys. En vissulega hvarflaði það stundum að manni á kvöldin þegar heim var komið

eftir vinnu hvort maður hefði gert einhver mistök eða snert einhvern óvart.

Ef maður fylgir ákveðinni smitgát og hegðar sér samkvæmt reglum sem við erum þjálfuð í, þá eru líkurnar á smiti litlar. Starfið er þó ekki áhættulaust, en áhættustigin eru mismunandi, eftir því hvað maður er að gera og hverju maður er að sinna.“

Magna Björk hefur áður sagt í viðtali að hún hafi ekki hugsað sig tvisvar um hvort hún ætti að halda til starfa á svæði ebólusmitaðra í Afríku.

„Nei, eiginlega ekki. Þarna var þörfin og ég var tilbúin og laus og fannst bara sjálfsagt að fara út og hjálpa til.“

Aldrei auðvelt að horfa upp á mannlegar þjáningar

– Fylgja þessu mikil andleg átök eða venst þetta bara?

„Þetta venst á vissan hátt, ég býst við að maður brynji sig líka fyrir þessu. Ég held líka að ég

hafi haft ágætan grunn eftir að hafa unnið á slysadeildinni. Þar lendir maður auðvitað í ýmsu.

Það er aldrei auðvelt að horfa upp á mannlegar þjáningar. En ef ég væri að taka allt inn á mig, þá myndi ég alls ekki fúnkera.“

Magna segir það samt hafa tekið mikið á að vinna við þær aðstæður sem þarna eru og skelfilegt að koma í þorp þar sem helmingur þorpsbúa hafði dáið í ebólufaraldurinn.

Býst við að halda áfram að vinna erlendis

– Við hvernig aðstæður bjóstu í Sierra Leone, hvernig var húsnæðið?

„Það var nú nokkuð gott. Ég var í norðurhluta landsins við landamæri Gíneu og Líberíu, þar sem ebólutilfellin voru flest, og allir hjálparstarfsmennirnir höfðu saman eitt hótél þar sem þeir höfðu aðsetur. Við höfðum í rauninni allt til alls. Þarna bjó saman fólk á vegum Lækna án

Ég var tilbúin og laus



landamæra, Rauða krossins og Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar.“

Magna Björk segir að dagurinn þarna hafi verið tekinn snemma. „Ég byrjaði að fara á fundi klukkan átta á morgnana, það var mikið um fundahöld. Svo var ég að skipuleggja mín teymi, skipuleggja vinnu sjálfboðaliðanna. Líka að skipuleggja vinnu þeirra sem sáu um að jarða líkin. Það vantaði bíla, það vantaði fólk. Svo voru aftur fundir á kvöldin. Kvöldmatur klukkan níu og svo var maður kominn í háttinn um miðnætti.“

– Sérðu fyrir þér að framvegis verðirðu frekar að starfa erlendis heldur en hér heima?

„Já, í rauninni geri ég það. Mér finnst þetta áhugavert og vil vinna við þetta meðan aðstæður og heilsa leyfa.“

Á slysadeildum á Akureyri og í Reykjavík

– Hvað varð til þess að þú

valdir hjúkrunarfræði?

„Þegar ég var unglingur, sautján eða átján ára gömul, þá vildi svo til að ég fór að vinna á Sjúkaskýlinu heima í Bolungarvík, og í framhaldi af því ákvað ég að leggja þetta fyrir mig.“

Magna fór sextán ára gömul til Akureyrar til að ganga í menntaskólann þar. Eftir stúdentspróf tók hún sér frí frá námi í eitt ár og var þann tíma að mestu heima í Bolungarvík. Svo fór hún aftur norður og lauk hjúkrunarfræðinámi við Háskólann á Akureyri og hefur unnið í þeirri grein alla tíð síðan. Fyrstu fjögur árin eftir að hún útskrifaðist vann hún á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, bæði á lyfjadeildinni og slysadeildinni.

„Síðan ákvað ég að fíkra mig á stærri stað og fór suður og vann á slysadeildinni í Fossvogi í önnur fjögur ár eða til 2012, en þá var ég byrjuð að vinna úti fyrir Rauða krossinn. Ég vann á slysadeildinni á milli en á endanum sagði

ég upp.“

– Hvað varð til þess að þú tókst upp á því að fara til útlanda í þessum erindagerðum?

„Það vaknaði einhver áhugi sem hafði lengi blundað í mér. Ég hitti konu sem er góð vinkona mín í dag, sem hafði verið að vinna bæði fyrir Friðargæslu Sameinuðu þjóðanna og Rauða krossinn. Upp úr því sótti ég um á Veraldarvakt Rauða krossins og var tekin þar inn.“

Ljuf og áhyggjulaus æska í Bolungarvík

Foreldrar Mögnu Bjarkar eru hjónin Guðjóna J. Guðjónsdóttir og Ólafur Þór Benediktsson (Óli Ben) í Bolungarvík. Hún á eina systur fimm árum eldri, Björgu Maríu, sem er kennari í Keflavík. „Æska mín í Bolungarvík var hrein draumaæska, ósköp ljuf og góð og áhyggjulaus æska á góðum stað. Það eru forréttindi að hafa fengið að alast upp hérna fyrir vestan,“ segir Magna Björk.

„Ég var mikið íþróttum í uppvextinum, var annað hvort niðri í íþróttahúsi eða uppi í fjalli á skíðum, ég var lítið inni að leika mér þegar ég var krakki.“

– Helstu áhugamál?

„Ég hef ákaflega gaman af því að þrjóna og hekla, get alveg gleymt mér í því, og að lesa þess á milli. Svo finnst mér mjög skemmtilegt að ferðast, en hef lítið náð að gera það sem túristi undanfarin ár.“

Heillaðist af Jórdaníu

– En þú hefur heldur betur ferðast um heiminn í sambandi við starfið ...

„Já, og það er líka alveg frábært, og hef þá meðal annars séð staði sem ferðamenn komast yfirleitt ekki til. Það er gott að geta blandað þessu saman.“

– Einhver uppáhaldsstaður í útlöndum eða uppáhaldsland þar sem þú hefur komið sem túristi?

„Já, ég heillaðist af Jórdaníu, ég fór um fjöllin þar sem kletta-

bærinn Petra er og niður að Dauðahafi.“

– Hvernig stóð á því að þú varst þarna að ferðast?

„Ég fékk svolítið frí þegar ég var í Írak og ákvað að fara þarna yfir og keyra um fjalllendið og skoða þessar slóðir. Já, þetta stendur upp úr á ferðum mínum sem túristi. Þarna náði ég að vera túristi!“

Vestfirðingur ársins

Í lok þessa spjalls vill Magna Björk Ólafsdóttir fá að koma á framfæri þakklæti fyrir útnefninguna Vestfirðingur ársins. Aðspurð hvort hún hafi orðið hissa á þessu, segir hún:

„Já, alveg steinhissa, og líka hrærd.“

Og núna þegar þetta blað kemur út er Magna Björk komin suður að Genfarvatni í Sviss á ný. Þar er dálítið öðruvísi um að litast en á Haití eða í Írak eða Sierra Leone eða eftir fellibyl á Filippseyjum.

Hægeldaður lambabógur með marakóskum hætti

Hægeldaðir réttir hafa verið vinsælir undanfarin ár. Það er auðvelt að elda þannig rétti en best finnst mér að hafa feitari kjötbita í þeim. Þetta er þægilegur réttur til að setja í ofninn ef von er á gestum eða ef að eyða á deginum t.d á skíðum. Setja í ofnpott með loki. Stilla ofninn á ca 80-90° í ca 5-6 tíma eða setja tímastillinn á ofninn og láta hann ræsa sig á hentugum tíma og maturinn nánast tilbúinn þegar heim er komið. Þetta er réttur sem er mjög bragðmikill án þess að vera sterkur, en það er auðvelt að leika sér með þennan rétt með því að bæta við kryddtegundum og taka aðrar út ef þið viljið Þessi samsetning kemur líka vel út með svínahakka. Ofnbökuðu sætu kartöflurnar verða bragmiklar með þessari kryddblöndu og geta líka verið bornar fram sem grænmetisréttur.

Hægeldaður lambabógur að marakóskum hætti

Kryddblanda:

1 msk cumin
2 tsk coriander fræ eða 1 tsk duft
1 tsk salt
1 tsk fennelfræ
1 tsk cayennpipar
1 tsk svartur mulinn pipar
2-3 msk olívuolia
Blandið kryddinu saman við olíuna

Lambabógur, tekinn í 2 hluta, gott að fara í gegnum liðinn við herðablaðið með hníf. Nuddið kryddleginum vel á bóginn og brúnið á vel heitri pönnu og lokið kjötinu þannig að utan. Setjið bóginn í ofnpott og bætið í hann

1 lauk skorinn í fernt
1 box af kirsuberjatómötum (ég hef þá heila)
4 gulrótum gróft skornum
2-3 selliery stönglar gróft skornir, (ca 4 cm)
1 ferskan chillypipar (sker hann í 2 hluta langsum og tek úr honum fræin)
1 rauða paprikku, gróft skorna.
1 engifer bita, ca 1 cm og saxaðann smátt
1 kanilstöng
1-2 hvítlauksgeira, saxaðann smátt eða maukaðann
3-4 msk ferska steinselju gróft saxaða
5-6 stk þurkaðar aprikosur
5-6 gráfíkjur skornar í tvennt



2 msk ferskt coriander
1 dósa af tómataukauki, t.d pizzasósu, ég nota vel kryddaðar tegundir.

Rifinn börkur af 1 lime
Eitt stk stjórnuanis brotinn í 2-3 hluta og hafður efst í pottinum svo hægt sé að fjarlægja hann áður en rétturinn er borinn fram. Það er óþægilegt að fá hann undir tönn.

Setjið allt grænmetið ásamt ferska kryddinu og tómataukinu í pottinn og engann annan vökva, nema þá safanum af limeinu
Hægeldað í lokuðum ofnpotti og hafið í ca 5-6 klst og svo má gera sósu úr soðinu sem kemur af kjötinu, en við notum það bara eins og það kemur úr ofninum.

Með þessu er gott að hafa kartöflu og selleryrótar mús. Gert eins og venjuleg karföflumús en seljurót til helminga á móti kartöflum, stappað saman og smjóri bætti við, smávegis af salti og pipar.

Það er afar hentugt að elda riflegan skammt af þessum rétti, því hann er ekki síðri upphitaður. Þessi uppskrift miðast við ca 4-5 fer svölftíð eftir þyngdinni á bógnum.

Þeir sem vilja taka þetta lengra og prófa að hafa með þessu bakadar sætar kartöflur með sterkri kryddblöndu þá fylgir hún hér

Kryddlögur:

1 bolli appelsínusafi, þarf ca 3-4 appelsínur (fer eftir stærð og hversu safaríkar þær eru)
1/3 bolli af púðursykri
1/4 bolli af rauðvínsediki
1/4 bolli af Angostura bitter (rommlíkjör) hægt að fá svipað bragð með Jagemaster

1 msk olívuolia
2 hvítlauksgeirar fínt saxaðir

Setjið í pott og sjóðið niður um helming: appelsínusafann, púðursykurinn, edikið og hvítlaukinn, bætið svo líkjörnum úti og olíunni þegar potturinn er tekinn af hitanum

2 stk meðalstórar sætar kartöflur, skrældar og skornar í ca 2 cm bita

1 rautt chilli, (gott að hafa það í stórum bitum ef þið viljið ekki borða það)

1 grein af fersku rosmarín eða 1 tsk af þurkuðu

1 grein af fersku timían eða 1 tsk af þurkuðu

1/2 appelsína skorin í þunnar sneiðar

100 gr geitaostur (eða feta ostur)

Setjið í ofnfat: sætu kartöflurnar, chillið, kryddið og raðið appelsínusneiðunum yfir og hellið kryddleginum yfir og bakið í ofni við 180° í ca 40 mín, ágætt að ausa leginum yfir grænmetið öðru hvoru. (ca tvisvar sinnum meðan á eldun stendur). Stráðið ostinum yfir áður en þetta er borið fram.

Það veitir ekki af að hvíla sig á sætindunum, svo við sleppum eftirrættunum að þessu sinni.

Við skorum á Guðrúnu Margréti Ásgeirsdóttur og Magnús Valsson að vera næstu sælkerar vikunnar og óskum lesendum BB gleðilegs árs.



Nýársfagnaður eldri borgara

Kiwanisklúbburinn Básar á Ísafirði bauð eldri borgurum í Ísafjarðarbæ til nýársfagnaðar á Hlíf á sunnudag. Básar hafa haldið nýársfagnað fyrir eldri borgara í fjölda ára og segir Kristján Andri Guðjónsson, forseti Bása, að nýársfagnaðurinn sé fastur liður í starfi klúbbsins. Um 60 manns voru á fagnaðinum og nutu kaffiveitinga, upplestur og tónlistar frá Baldri Geirmundssyni og Margréti Geirsdóttur. Meðfylgjandi mynfir tók Halldór Sveinbjörnsson. smari@bb.is





Kristín Þórunn Helgadóttir hannar og framleiðir Fjöruperlurnar úr klóþangi. Ljósmynd: Brynjar Gunnarsson.

Fjöruperlur hlutu Virðisaukann

Kristín Þórunn Helgadóttir á Þingeyri hlaut Virðisaukann, frumkvöðlaverðlaun Ísafjarðarbæjar í ár en viðurkenningin var veitt í Smiðjunni á Þingeyri 2. janúar. Kristín býr til svokallaðar Fjöruperlur sem eru skartgripir unnir úr vestfirsku klóþangi. Þarakúlurnar eru þurrkaðar og þússaðar svo náttúrulegur litur þeirra haldi sér. Bæði hönnun og vinnsla er alfarið í höndum Kristínar. „Ég er bara á fullu alltaf niðri skemmu núna að þússa og bora,“ segir Kristín þegar bb.is hafði samband við hana. „Ég er að vinna með perlurnar sem ég tindi seinasta sumar en verða seldar næsta sumar. Þetta er svo langt ferli að búa til skartgripir af þessu tagi. Fjöruperlur Kristínar voru seldar hjá Vestfirsku verzluninni þangað til hún lokaði en núna er bara hægt að nálgast perl-

urnar hjá Kristínu sjálfri á Vestfjörðum, en þær eru líka seldar í versluninni Kraum í Reykjavík.

Virðisaukinn er veitt af atvinnu- og menningarmálanefnd Ísafjarðarbæjar. Í rökstuðningi þeirra fyrir valinu á Fjöruperlum segir: „Fjöruperlur fá Virðisaukann vegna þeirrar fáránlega góðu hugmyndar að nota þang, sem mörgum finnst ekkert sérstaklega fallegt, og gera úr því fallega skartgripir. Kristín Þórunn sýnir mikla útsjónarsemi með því hvernig hún hefur þróað leið til að vinna úr hráefninu og breyta því í verðmæti. Við getum lært það af Kristínu Þórunni að við þurfum ekki að leita langt yfir skammt í leit að verðmætum og náttúruauðlindum. Hún tók vanýtta auðlind og gerði úr, við tengjum okkur við hafið og það sem hafið gefur. Þess bera að

geta að Kristín Þórunn Helgadóttir hlaut viðurkenninguna handverksmaður ársins 2014 á Handverkshátíðinni 2014.“

Virðisaukinn er ætlaður sem hvatning til þeirra sem sýna frumkvæði í málum er lúta að sveitarfélaginu og samborgurunum. Við veitingu þeirra er einkum tekið mið af framlagi við að auka fjölbreytni í atvinnu, menntun eða afþreyingu, að auka sýnileika sveitarfélagsins á landsvísi, sérstaks árangurs, framtaks á sviði þróunar vöru, þjónustu eða markaðssetningar. Verðlaunin voru fyrst afhent árið 2002 en þeir sem hafa fengið verðlaunin eru Hraðfrystihúsið – Gunnvör, 3X Technology, Sveinbjörn Jónsson, Glitnir ehf., Klofningur ehf., Háskólasetur Vestfjarða, tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður og Fossadalur.

– sfg@bb.is



Rakarastofa Samúels Silfurgötu 9

Ágætu viðskiptavinir.

Frá 5. janúar breytist opnunartími Rakarastofu Samúels að Silfurgötu 9. Opið verður mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga frá kl. 10 til 12 og 13:30 til 17. Lokað verður fimmtudaga og föstudaga. Gjörð svo vel að koma eða hringja í síma 862 3035.

Óska öllum árs og friðar og þakka viðskiptin á liðnum árum með von um að sjá ykkur sem flest á nýju ári.

Kær kveðja
Sammi rakari



Gert ráð fyrir rekstrarhagnaði

Fjárhagsáætlun Bolungarvíkurkaupstaðar fyrir árið 2015 hefur verið samþykkt í bæjarstjórn Bolungarvíkur. Áætlunin gerir ráð fyrir að heildarvelta samstæðu A- og B- hluta verði um einn milljarður króna sem skiptist þannig að velta A-hluta verður 740 m.kr en velta B-hluta verður 269 m.kr. Gert er ráð fyrir að rekstrarafgangur A-hluta verði

29 m.kr, en að samstæða A- og B-hluta skili afgangi sem nemur ríflega sex m.kr. Framlegð af rekstri sveitarfélagsins verður samkvæmt áætluninni 141 m.kr eða 14% af veltu.

Gert er ráð fyrir að verja 82 m.kr í ýmsar fjárfestingar, framkvæmdir og meiriháttar viðhald á árinu 2015. Áætlunin miðast við að halda góðu jafnvægi í

rekstri og skuldastöðu, en gert er ráð fyrir að svokallað skuldaviðmið verði 127% í lok ársins eða vel innan við það 150% hlutfall sem eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga notar sem viðmið. Áætlunin gerir ráð fyrir að veltufé frá rekstri samstæðu A- og B-hluta verði 92 m.kr. Þá gerir áætlunin ráð fyrir niðurgreiðslu lána um 99 m.kr en að tekin verði

ný langtímalán að fjárhæð 97 m.kr

Heildarskuldir og skuldbindingar Bolungarvíkurkaupstaðar verða 1.427 m.kr í lok ársins, þar af nema skuldir vegna hjúkrunarheimilisins 289 m.kr. Þá koma veltufjármunir að fjárhæð 128 m.kr á móti skuldunum. Nettóskuldir án hjúkrunarheimilisins eru því um 1.010 m.kr. Styrkir til

menningarmála eru óbreyttir og peningalegir styrkir til íþróttafélaga breytast ekki á milli ára. Styrkir til íþróttafélaga á svæðinu í formi afnota þeirra af íþróttahúsinu fara þó vaxandi ár frá ári.

Almenn hækkan á gjaldskrár fyrir árið 2015 er 3% en engar hækkanir voru á gjaldskrár til almennings árið 2014.

– bb@bb.is

Tólf manna leiðangur í Fljótavík

Töluverðar fokskemdir urðu á Bárubæ í Fljótavík undir lok síðasta árs eins og greint var frá á bb.is. Þar greindi Vernharð Guðnason frá því að hann og fleiri væru að safna liði til að fara norður í Fljótavík til að koma í veg fyrir frekara tjón. „Við verðum tólf saman og förum á föstudaginn 2. janúar frá Ísafirði á björgunarskipinu Daníel Sigmundssyni með sex snjósleða með okkur,“ segir Vernharð í samtali við mbl.is en áætlað var að leiðangurinn taki tvo daga.

Sígt var inn að Hesteyri og hópurrinn keyrði þaðan yfir í Fljótavík á snjósleðum. Engir vegir eru á svæðinu og aðgengi mjög takmarkað, sérstaklega á þessum árstíma.

Tjónið uppgötvaðist 27. desember þegar TF-vík var á eftirlitsflugi yfir svæðið. Flugmaðurinn var Örn Ingólfsson og við Bárubæ mátti sjá járn, pappa og spýtur sem höfðu fokið. Einnig voru skemmdir á húsunum í kring. „Þetta er auðvitað mikið sjókk fyrir fólkið sem á þarna hús. En

við létum boð ganga um að við þyrftum aðstoð röskra kvenna og manna í verkefnið og stóðum síðan frammi fyrir því lúxusvandamáli að þurfa að velja fólkið sem fór með, þar sem fleiri vildu koma en pláss er fyrir. Það eru mjög margir boðnir og búnir að leggja hönd á plóg sem er frábært og við kunnum þeim miklar þakkar fyrir,“ segir Vernharð.

Á myndinni sjást fokskemdir á Bárubæ. Ljós. Sævar Óli Hjörvarsson.



Sjálfboðaliðiðinn - Vestfirðingur ársins

Gleðilegt ár ágætu lesendur og þakka ykkur valið á Vestfirðingi ársins. Umræða undanfarinna vikna hefur lítilla snúist um viðurkenningar, einkum þær sem fólgnar eru í fálkaorðunni. Sú umræða hefur í besta falli orðið til þess að varpa rýrð á þá viðurkenningu sem fjöldi fórnfúsra manna í samfélaginu hefur hlotið vegna ýmissa starfa sinna. Enn skal ítrekað að konur eru menn. Orðið einstaklingur er augum og eyrum hvítleitt. Viðurkenningar kunna að sumra mati að orka tvímælis, en það er ekki ætlun þeirra sem þær veita. Í þeim tilvikum að menn sem ekki hafa hlotið fálkaorðuna verði „fálkalegir“ er hún fellur öðrum í skaut er vorkunn gjarna hið eina sem kemur upp í hugann.

Lesendur Bæjarins besta völdu Mögnu Björk Ólafsdóttur, bolvískan hjúkrunarfræðing, sem lengi hefur verið sendifulltrúi Rauða kross Íslands víða um heim og var jafnframt einn fimm Íslendinga sem Time tímaritið valdi á lista sinn vegna þátttöku sinnar í baráttunni gegn útbreiðslu Ebóla veirunnar sem lagt hefur um átta þúsund manns að velli, aðallega í Vestur Afríku. Magna Björk hlaut 30% atkvæða lesenda Bæjarins

besta, en Patreksfirðingarnir Þorbjörn Guðmundsson og Björgvin Hallgrímsson urðu í öðru sæti með 17% greiddra atkvæða. Þeir sýndu af sér snarræði við björgun manns í hjarta-stoppi. Aron Guðmundsson hlaut 8% atkvæða vegna söfnunar fjár sem rann til MND félagsins samfara Reykjavíkur maraþoni og vakti athygli á erfiðum sjúkdómi móður sinnar og annarra. Þar með féll rúmur helmingur atkvæða á þriðju efstu sætin. Valið á Vestfirðingi ársins að þessu sinni vekur athygli á því hve framlag einstakra manna eins og Mögnu Bjarkar skiptir miklu. Hún er góð fyrirmynd sem ekki vílar fyrir sér að takast á við erfið verkefni.

Um leið skerpir valið þá sýn okkar hinna á mikilvægi sjálfbodins starfs fjölda manna um allan heim. Þótt starf Mögnu Bjarkar sé ekki hið dæmigerða fyrir sjálfbodaliðið, sem launalaust starfar að mannúðarverkefnum sem opinberar stofnanir taka ekki að sér, sameinar það starf óháðra samtaka líkt og Rauða krossins og vilja manns til þess að leggja öðrum lið, án þess að bera til þess skyldu aðra en siðferðilega. Valið tókst einkar vel. Til hamingju Magna Björk og lesendur BB.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.



Sýslumaðurinn á Vestfjörðum

1. janúar 2015 sameinast embætti sýslumannsins í Bolungarvík, sýslumannsins á Ísafirði, sýslumannsins á Hólmavík og sýslumannsins á Patreksfirði í eitt embætti, embætti sýslumannsins á Vestfjörðum, sbr. lög nr. 50/2014 um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði. Jafnframt flyst lögreglustjórn frá embætti sýslumannsins á Ísafirði til nýs embættis lögreglustjóra á Vestfjörðum, sbr. lög nr. 51/2014 um breytingu á lögreglulögum nr. 90/1996.

Samkvæmt reglugerð nr. 1151/2014 um umdæmi sýslumanna, sem gefin var út 19. desember 2014, verða starfsstöðvar embættis sýslumannsins á Vestfjörðum sem hér segir:

- Aðalskrifstofa: Aðalstræti 92, 450 Patreksfjörður, sími 458 2410
- Sýsluskrifstofa: Hafnarstræti 1, 400 Ísafjörður, sími 458 2420
- Útibú: Hafnarbraut 25, 510 Hólmavík, sími 458 2450
- Útibú: Aðalstræti 12, 415 Bolungarvík, sími 458 2460.

Sömu þjónustu verður að fá á öllum starfsstöðvum og verið hefur og má snúa sér til hvernar þeirrar sem er með þau erindi sem um ræðir. Löglærðir starfsmenn verða á Ísafirði og Patreksfirði en munu verða með viðveru- og viðtalstíma á Hólmavík og í Bolungarvík samkvæmt nánari auglýsingum hverju sinni.

Aðalsímanúmer sýslumannsins á Vestfjörðum verður 458 2400 og netfang vestfirdir@syslumenn.is

Vefur embættisins er undir sameignlegum vef sýslumanna, www.syslumenn.is, þar sem frekari upplýsingar verður að finna, m.a. um afgreiðslutíma á hverri starfsstöð og hvert skuli beina rafrænum og bréflegum erindum.

Bolungarvík, 30. desember 2014.

Jónas Guðmundsson,
sýslumaður á Vestfjörðum
frá og með 1. janúar 2015.

Sportið í beinni...

Laugardagur 10. janúar

kl. 12:45 Sunderl. - Liverpool

kl. 15:00 Leicester - Aston V.

kl. 15:00 WBA - Hull

kl. 15:00 Burnley - QPR

kl. 15:00 Swansea - West Ham

kl. 15:00 Everton - Man. City

kl. 15:00 Chelsea - Newcastle

kl. 15:00 Real M. - Espanyol

kl. 17:30 Crstal P - Tottenham

Sunnudagur 11. janúar

kl. 13:30 Arsenal - Stoke

kl. 16:00 Man. Utd. - South.pt.

kl. 18:00 Granada - Real S.

kl. 20:00 Barcelona - Athl. M.

Dagar Íslands

eftir Jón Ragnarsson

8. janúar 1965: Sigríður Sigurðardóttir handknattleikskona var kosin íþróttamaður ársins, fyrst kvenna.

9. janúar 1964: Tunnuverksmiðjan á Siglufirði brann til ösku og fjöruþíu manns misstu atvinnu. Tjónið nam milljónum.

10. janúar 1944: Laxfoss strandaði í blindbyl á skeri út af Örfirisey. Skipið var í áætlanarferð frá Borgarnesi og Akranesi til Reykjavíkur. Farþegum og áhöfn, alls 90 manns, var bjargað en skipið laskaðist mikið. Það var endurbyggt en strandaði aftur á Kjalarnesi fjórum árum síðar.

11. janúar 1993: Dýpsta lægð sem vitað er um á N-Atlantshafi, 910-920 millibör, fór norður með Austurlandi. Röskun varð á samgöngum en litlar skemmdir urðu.

13. janúar 1976: Jarðskjálfti varð skammt frá Kópaskeri. Mörg hús í þorpinu skemmdust eða jafnvel eyðilögðust. Skjálftinn var 6,5 á Richter og því einn sá allra mesti í byggð á þessari öld.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Suðvestan 8-13 m/s og él, annars hægar vindur og víða léttskýjað. Frost 0-10 stig.

Horfur á laugardag:

Breytileg átt, 3-8 m/s og stöku él. Frost 1-15 stig, mest í innsveitum NA-lands.

Horfur á sunnudag:

Gengur í sunnan og suð-austan hvassviðri eða storm með rigningu og hlýnandi veðri í bili.

Krossgátan



	Jón Steingr.	Leiði Flikur Fjári	Nurla Lýsið	Halla	Fyrirfara	Sonur
	Blóts-yrði					
	Fórna					
Vetni		Glufa		Voði		Sérhjl.
Skræfu Snúningar	Svardagi	Einn		Leit		Kvars-steininn
Ekki		Fljóta			Ófug röð	
Plógur		Selurinn			Angra	
				Skemmta		
				Ófrelsi Flein		
Tréð Maður						
Hæverska						
		Venda			Bráðræði	
		Eins um N			Dreif	
R.vík		Flýtir Útbíar				Bruðla Borgari
		Rógburður				
Stafur	Land-bára		Sömu		Hraða For-viða - a	
		Lakara Snæfok				
		Kassi				
Sund			Skref Mál-helti		Samtök Einn	
Bjart Atóm	Ef til vill Ellihrum-leiki					
						Lærði
					Fæði Tónn	
Drykkur		Beita		Kona		
Skokk		Tala		Átt		

BÍLAVERIÐ ehf

Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta

Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS

g

GÚTTÓ ehf
Sílfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

OG

JARÐAR

				H			S			H	
				⇒	N	Æ	S	T	I	↻	V
					U	R	T	Ó	L	G	A
Jón Steingr.	↓			A	P	A	R		L	E	T
	B	R	O	S	L	E	I	T	U	R	U
	I		B	Í	A	Ð	T	Ó	R	I	R
Ó	Ð	F	L	U	G	A		M	I	Ð	
	I		Á		A	L	A	L	L	↓	S
H	N	Á	T	A	N		M	Æ	L	S	K
	↓	L	A	N	D	A	A	T		V	Á
S	T	A	N	S		G	L	I	T	O	K
	E	N		J	A	G	E		E	↓	
	K	A	N	Ó	N	A	R	Á	F	V	Á
G	U	M		S	A		I	L		E	K
	R	Ú	T	U	N	A		V	A	L	A
	↓	L	A		A	F	R	E	K		L
H	Á	L	K	A	S	P	Í	R	A	L	L

Sudoku prautir

2								4	8
				4		2		5	7
	9	4		8					
	6						8	1	
8							3		
					7		5		
			3	6					
4			2		5				
7		2	9						5

	5			9			2		
		1			2	4			
4				6	7	5	8		
7	1			8			6	4	
									5
	4						2	3	1
8				2			9	6	4
		4			8			5	2
		2			5		7		

Rólegt hjá lögreglunni

Skemmtanahald á gamlárskvöld fór vel fram í umdæmi lögreglunnar á Vestfjörðum. „Áramótin voru róleg og tíðindalítill. Lögreglan þurfti að hafa einhver smávægileg afskipti en ekkert sem tekur að tala um,“ segir Hlynur Hafberg Snorrason, yfirlöggluþjónn.

Hann segir að skemmtanahald á gamlárskvöld hafi þróast með þeim hætti á undanföllum árum að fólk sýnir meiri höfsemd.

KFÍ vill sameinast

Félagsfundur Körfuknattleiksfélags Ísafjarðar samþykkti fyrir jól að taka fullan þátt í sameiningu íþróttafélaga á norðanverðum Vestfjörðum. Á fundinum kynnti Gísli Jón Hjaltason, formaður Boltafélags Ísafjarðar og Sævar Óskarsson, fyrrverandi formaður KFÍ, vinnu undirbúningshóps um sameiningu íþróttafélaganna. Þeir hafa, ásamt Sigurði Hreinssyni, formanni Blakfélagsins Skells, unnið að tillögum þessa efnis og kynnt þær fyrir íþróttafélögum á svæðinu.

Í kjölfar kynningar Gísla Jóns og Sævars var borin upp tillaga þess efnis að KFÍ taki þátt í sameiningarnefndinni sem verður skipuð tveimur fulltrúum frá hverju íþróttafélagi auk eins oddamanns sem sameiningarnefndin tilnefni. Tillagan var samþykkt samhljóða og voru þeir Guðni Ólafur Guðnason og Sævar Óskarsson kosnir samhljóða sem fulltrúar KFÍ í sameiningarnefndinni. Miðað er við að nefndin skili niðurstöðum fyrir 1. apríl næstkomandi.

Ekki til mannskapur til að koma fyrir ártali

Skátarnir á Ísafirði hafa í áratugi kveikt á ártali hverfandi árs og þess sem gengur í garð í hlíð Eyrarfjalls á áramótum. Á gamlárskvöld brá svo við að ekkert ártal var í fjallinu og segir Salmar Már Salmarsson hjá skátafélaginu Einherjum/Valkyrjunni á Ísafirði ástæðuna vera að það vantaði mannskap til að setja upp ártalið.

Mikil vinna er fólgin í uppsetningu ártalsins, gera þarf fjölda kyndla, koma álrömmum fyrir í hlíðinni og svo á gamlárskvöld þarf lið manna upp í hlíðina til að kveikja í ártalinu. Salmar vonast til að fá nægan mannskap í ártalið um næstu áramót.

Þjónustuauglýsingar

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS
OG
JARÐAR

GÚTTÓ ehf
Sílfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is

HEKLUSALURINN
Nýir bílar og notaðir

Þjónusta í heimabyggð frá 1983

Öll almenn húsasmíði

Bolungavík
456 7080 • 893 9362 • 690 1060

Umboðsaðili fyrir
GLERBORG

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði
www.verkvest.is

VERK VEST

ENDURSKOÐUN
VESTFJARÐA ehf

Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

BÍLAVERKSTÆÐI SB
SINDRAGÖTU 3
SÍMI: 456-3033

SMURSTÖÐ
VARAHLUTAVERSLUN
HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS
OG
JARÐAR

GÚTTÓ ehf
Sílfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

HRADFRISTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
- stjálfbær niðring stjórnaðlunda

ÚTSALA

Oll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og myndbreytingu og gilda á meðan á útsölu stendur og birgdir endast.

Í FULLU FJÖRI – ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR!

STILLANLEG RÚM • HEILSURÚM OG -DÝNUR • GAFLAR • SÆNGUR • KODDAR • SVEFNSÓFAR • HÆGINDASTÓLAR O.F.L.

Stillanleg heilsurúm í sérflokk!

20%-35% afsláttur

2X90X200 CM
C&J PLATINIUM STILLANL.
MEÐ TEMPUR® HEILSUDÝNU
579.900
ÚTSÖLUVERÐ
FULLT VERÐ KR.
803.800

2X90X200 CM
C&J PLATINIUM STILLANL.
MEÐ TEMPUR® HEILSUDÝNU
MEÐ 28% AFSLÆTTI
Á ÚTSÖLUNNI
ÞÚ SPARAR KR.
223.900



Fæst í mörgum stærðum.

Þráðlaus fjarstýring

Tempur® Classic
heilsukoddi!

50% afsláttur

Útsöluverð
kr. 8.950

Verð kr. 17.900



Allir aðrir Tempur®

heilsukoddar 20% afsláttur



Sængurver í sérflokk!
20-50% afsláttur

JOOP! *elegante*
bed linen fashion

Vandaðar dúnsængur

20-30% afsláttur

einbreið – útsöluverð frá
kr. 18.990



Serta REYNIR heilsurúm

AFMÆLISDÝNAN *Reynir*

30% afsláttur

Frábært verð!

Verðdæmi

Reynir heilsurúm með Classic botni

STÆRÐ	FULLT VERÐ	ÚTSÖLUVERÐ
120x200	119.900 kr.	83.930 kr.
140x200	139.900 kr.	97.930 kr.
160x200	169.900 kr.	118.930 kr.
180x200	190.900 kr.	133.630 kr.



Serta 160X200 CM
REYNIR HEILSURÚM
118.930
ÚTSÖLUVERÐ
FULLT VERÐ KR.
169.900

Betra BAK

Svefnsófar
margar gerðir

25%-35% afsláttur



LINGEN svefnsófi

Afsláttarverð **kr. 89.925**
Fullt verð kr. 119.900

LEGGUR GRUNN AÐ GÓÐUM DEGI

Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566 • Opnunartími: Virka daga 12⁰⁰-18⁰⁰ og laugardaga 11⁰⁰-16⁰⁰ • betrabak@betrabak.is